

Fjarðabyggð  
Guðmundur Helgi Sigfússon, forstöðumaður  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður

2006040014  
7300; 9310

Reykjavík, 30. október 2006  
/--

**Efni: Efnistaka í landi Áreyja, Seljateigs og Seljateigshjáleigu í Reyðarfirði,  
Fjarðabyggð. Ákvörðun um matskyldu**

Vísað er til erindis Fjarðabyggðar dags. 9. september 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt efnistaka í landi Áreyja, Seljateigs og Seljateigshjáleigu í Reyðarfirði, Fjarðabyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits veiðimálastjórnar Lanbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá veiðimálastjórn Lanbúnaðarstofnunar með bréfi dags. 18. september 2006 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 25. september og 26. október 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Fjarðabyggð með bréfi dags. 26. október 2007.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd.**

Fyrirhugað er efnisnám á malareyrum norðan núverandi farvegjar Fagradalsár og er áformað að taka þar a.m.k. 50.000 m<sup>3</sup> af efni á næstu fimm árum. Miðað er við að vinnsludýpt verði 2 m og lækkar land sem því nemur innan 2,2 ha vinnslusvæðis sem er afmarkað á myndkort. Austan fyrirhugaðs efnistökusvæðis er frágengið efnisnám Vegagerðarinnar. Engin mannvirki eru á framkvæmdasvæðinu og það er ekki á verndarsvæði. Fagradalsá rann um svæðið fyrir nokkrum árum og stutt er síðan hún fór yfir það í flóðum en gróður er að byrja að ná þar fótfestu. Flutningur á efni úr námunni mun fara um slóð á eyrunum og inn á þjóðveginn austan við efnistökusvæðið. Ganga þarf sérstaklega frá norðurmörkum svæðisins þannig að tryggt verði að áin brjóti þar ekki land ef hún flæðir yfir svæðið að efnistöku lokinni og haft verður samráð við Vegagerðina vegna nálægðar þjóðvegjarins um Fagradal.

Fram kemur að efnistakan er háð framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar, starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands og að hún verði í samráði við Vegagerðina.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að aðalskipulag Fjarðabyggðar sé í vinnslu og að gert sé ráð fyrir efnistökusvæðinu í því.

**Tilgangur** framkvæmdarinnar er að hafa opna efnisnámu á vegum sveitarfélagsins.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Veiðimálastjórn Landbúnaðarstofnunar og Umhverfisstofnun telja ekki líkur á að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á landslag.** Umhverfisstofnun bendir á að eftirlitsráðgjafi stofnunarinnar á Austurlandi hafi skoðaði aðstæður á vettvangi og gefið umsögn þess efnis að hann telji mögulegt að efnistöku verði haldið áfram á svæðinu með sama hætti og verið hefur (austan þess). Skilyrði sé að náman verði unnin í sömu dýpt og þess gætt að ekki myndist uppistaða í námunni auk þess sem efnistakan takmarkist af ánni að sunnan og lænu sem rennur niður eyrarnar að norðanverðu, þannig að ekki verði gengið nærri jarðvegsbakka sem liggur að áreyrunum.

Fjarðabyggð hefur staðfest að staðið verði að efnistöku og frágangi á þann hátt sem fram kemur í ofangreindri umsögn eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.

**Áhrif á lífríki í ám.** Veiðimálastjórn Landbúnaðarstofnunar bendir á að þar sem svæðið er utan farvegs Fagradalsár sé ekki gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi áhrif á lífríki árinna. Nauðsynlegt sé að umhverfissvið Fjarðabyggðar leiti sérstakrar heimildar fyrir framkvæmdinni samkvæmt 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði í kjölfar ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu og áður en sótt er um starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands og að náman verði skilgreind í aðalskipulagi.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða efnisnám á malareyrum norðan núverandi farvegar Fagradalsár og er áformað að taka þar a.m.k. 50.000 m<sup>3</sup> af efni á næstu fimm árum. Miðað er við að vinnsludýpt verði 2 m innan afmarkaðs 2,2 ha vinnslusvæðis. Ganga þarf sérstaklega frá norðurmörkum svæðisins þannig að tryggt verði að áin brjóti þar ekki land ef hún flæðir yfir svæðið að efnistöku lokinni og hafa samráð við Vegagerðina vegna nálægðar þjóðvegarins um Fagradal. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki Fagradalsár verði óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Fjarðabyggðar við tilkynningu og umsagnir og viðbrögð Fjarðabyggðar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð efnistaka í landi Áreyja, Seljateigs og Seljateigshjáleigu í

Reyðarfirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Fjarðabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., heimild Landbúnaðarstofnunar veiðimálastjórn samkvæmt 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 m.s.b. um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Náman er ekki í samræmi við Aðalskipulag Reyðarfjarðar 1990 – 2010 og þarf að gera breytingu á því áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. desember 2006.

Stefán Thors

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Landbúnaðarstofnun veiðimálastjórn, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.